



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Viðskiptanefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. maí 2009

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samningu lagafrumvarps um nýja tegund hlutafélaga sem eru með gagnsætt eignarhald og bann við lánveitingum og krosseignarhaldi slíkra hlutafélaga. Þskj. 634 – 375. mál.**

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál.

Samtök atvinnulífsins taka undir það sjónarmið þingsályktunartillögunnar að dulið eignarhald og flókið gagnkvæmt eignarhald sé ein þeirra ástæðna að helstu fjármála fyrirtæki landsins hrundu og efnahagslíf landsins gengur nú í gegnum miklar hremmingar.

Sú leið sem þingsályktunartillagan boðar til breytinga á ofangreindu ástandi með stofnun nýrrar tegundar hlutafélaga, gagnsærra hlutafélaga er þó að mati SA ekki heppilegasta leiðin að takmarkinu. Með nýju hlutafélagiformi sem yrði séríslenskt hlutafélagiform sem ekki þekkist erlendis er hætt við að tortryggni erlendra aðila á íslenskum félögum myndi aukast en ekki minnka. Um leið myndi stofnun nýs félagiforms ekki hafa nein áhrif á gagnsæi eignarhalds í öllum þeim hlutafélögum sem starfandi eru í dag hér á landi.

Að mati SA kemur því frekar til álita að gera endurbætur á núgildandi lögum um hlutafélög með því að bæta við lögina ákvæðum um aukið gagnsæi í eignarhaldi s.s. með því að kveða á um að hlutaskrá hlutafélaga skuli opin öllum sem vilja kynna sér efni hennar. Slík ákvæði eru nú þegar og hafa verið til margra ára í hlutafélagalöggjöf bæði Noregs og Svíþjóðar svo einhverjar fyrirmyndir séu nefndar. Þá væri einnig hægt að kveða á um að ef eignarhald væri í höndum lögaðila yrði hlutaskrá félagsins að geta einnig um stærsta eiganda félagsins og fyrirsvarsmanns hans en með því væri erfiðara að fela eignarhald í gegnum félög í skattaskjólum á borð við Tortolaeyju.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins